

Haustfundur Kvasis, haldinn á Sauðárkróki 1. og 2. nóv. 2001

Fundurinn hófst kl. 13:00 að Hótel Tindastóli

Fundinn sátu: Anna Kristín, Iðunn, Skúli, Emil, Inga, Baldur, Katrín, Ína og Smári.

1. Mál: IP net Landsímans hf. og fjárnám

Undir þessum lið mættu til fundar: Þórarinn Sólmundarson frá Byggðastofnun, Práinn Kristinsson og Björn Eydal frá Landsímanum hf. Auk þess gestir frá Atvinnuþróunarfélagi Skagafjarðar (Streng).

Práinn hafði orð fyrir Landsímamönnum. Hann sagði það sitt markmið að rífa Myndfundapjónustu Landsímans upp úr því slæma orðsperi sem af henni fer. Kjarninn í þjónustu Landsímans var að kaupa mjög vandaðan stjórnbúnað fyrir myndfundapjónustuna. Eins og önnur þjónusta verður hún að skila arði og fjárfestingin að koma til baka til fyrirtækisins.

Hin nýja brú gerir ráð fyrir að 32 notendur geti nýtt þetta samtímis. Brúin er ISDN og IP samhæfð. Reiknað er með að bókunarkerfi verði komið upp á netinu. Þá verður starfsfólk sérþjálfað í þjónustunni og þjónustan er á ábyrgð Jóhannesar Eyfjörð þjónustustjóra myndfundapjónustunnar. Brúin byggir á MPLS formi sem þýðir að flutningur gagna fer fram með miklum gæðum. IP net veitir ákveðnum gögnum forgang þannig að mjög lítil hættu er á að þau brenglist í flutningi. Slíkt net er aðgengilegt nánast um allt land. IP net er framtíðar gagnalausn Landsímans hf. sem og víðast hvar annars staðar í heiminum að dómi Práins.

Einkanet. Möguleiki er að koma á laggirnar Einkaneti símenntunarmiðstöðva, sem væri “skermað” frá öðrum notendum IP netsins. Allir háskólar landsins eru tengdir saman á sérstöku RH-neti sem er net með mjög mikla burðargetu. Það getur tengst hugsanlegu Einkaneti símenntunarmiðstöðvanna. Landsímamenn telja að RH netið sé stigi neðar en IP þjónustunet með gæðastýringu.

Málið mikið rætt og Landsímamenn svörðu spurningum greiðlega. M.a. ræddu menn hina fjölmörgu kennslustaði sem sumar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar eru að nýta. Það virðist hagkvæmt að tengja stóra staði með mikla og fjölbreytta notkun en mjög dýrt að tengja staði sem nýta tengingu takmarkað.

Miðað við fulla notkun frá kl. 08:00 – 17:00 er 2500 tímar.

Fjalla um drög að samningi á milli menntamálaráðuneytis og Landsímans hf. um myndfundapjónustu. Menntamálaráðuneytið mun skilgreina 16 staði sem geta tengst myndfundapjónustu á sama tíma og jafnframt hvaða staðir það munu verða. Leigugjald 1,5 milljónir króna á mánuði yrði deilt á miðstöðvarnar.

Þá ræddu menn mikið þjónustuviðmót Landsímans hf. og menn telja það í mikilli framför með nýju fólki og hinir eldri hafi nokkuð lært.

2. Mál: Byggðastofnun – fjarfundamál og byggðaáætlun

Þórarinn Sólmundarson tók til máls og þakkaði Landsímamönnum fyrir góð viðbrögð við að endurbæta þjónustu Landsímans hf. við myndfundþjónustu.

Hann taldi trúlegt að kostnaður yrði ekki meiri fyrir fjarkennsluaðila en hann var fyrir ári síðan og þjónusta og tækni mun betri en áður var.

Þórarinn gerði grein fyrir nokkrum atriðum vegna nýrrar byggðaáætlunar 2002 – 2005 og eru þær ættaðar frá tækni- og samskiptahópi sem gerir tillögur fyrir verkefnisstjórn um gerð nýrrar byggðaáætlunar. Aðgangur að greiðri upplýsinga- og fjarskiptatækni skiptir afar miklu máli varðandi alla þjónustu á landsbyggðinni og þar með að jafna búsetuskilyrði í landinu.

Lagt er til að allir landsmenn hafi fullan og jafnan aðgang að þeim valkostum sem standa til boða í upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Starfshópurinn leggur til að starfsemi símenntunarmiðstöðva verði efl.

Fjarfundabúnaður verði bættur og opinberar stofnanir komi sér upp fjarfundabúnaði til að efla þjónustu við landsmenn.

3. Mál: Tillögur Kvasis í menntamálum til byggðaáætlunar 2002 - 2005

Skúli kynnti að verkefnisstjórn um byggðaáætlun hefði haft samband við Kvasi og óskað eftir tillögum Kvasis um uppbyggingu menntunar á framhalds- og háskólastigi á landabyggðinni.

Tillögurnar lesnar upp og fundarmenn gerðu athugasemdir m.a. kom fram að aðgengi að námi verði óháð fjölda á hverjum kennslustað.

Anna Kristín sagði að kennsla á framhaldsskólastigi væri ekki í verkahring fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Einnig bendi hún á að mikilvægt væri að undirstrika betur en fram kemur í fyrirbyggjandi tillögum gildi miðstöðvanna varðandi símenntun og fullorðinsfræðslu.

Skúli sagði frá heimsókn stjórnar Kvasis til fjárlaganefndar 31.10.01 og áhersluatriðum sem þar voru kynnt. Þar kom fram að stjórn Kvasis leggur til að hver stöð fái 9 – 11 milljónir og að óskiptur pottur verði stækkaður vegna ýmissa verkefni.

Stjórn falið að ganga frá tillögum Kvasis í ljósi ábendinga sem fram komu frá fundarmönnum.

4. Mál: LandsMennt

Kristín Njálisdóttir framkvæmdastjóri LandsMenntar mætti til fundar og fjallaði um helstu markmið sjóðsins, en það er m.a. að styrkja þróunarverkefni og hvatningaráðgerðir í starsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjunga í námsefnisgerð og að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar.

Sjóðurinn er frá upphafi mjög öflugur. En ákveðinn galli er að fjárstreymi úr sjóðnum er tengt ákveðnum kjarasamningi og hindrar það aðila sem ekki eru beinir aðilar að sjóðnum í að fá framlög úr honum.

Á fyrsta starfsári sjóðsins eru voru styrkt 19 verkefni og styrkuppþæð 13 milljónir króna. Einstaklingsstyrkir eru um 5 milljónir til um 400 einstaklinga.

Kristín sagðist hafa lagt mikla áherslu á að kynna sjóðinn á persónulegum nótum m.a. með heimsóknum í fyrirtæki og til verkalýðsfélaga.

Varðandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar má vænta þess að þær sinni stærri verkefnum um námskeið út í fyrirtækjum. Sérstök áhersla er að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga. Sjóðurinn ákvað að styrkja sérstaklega námsefnisgerð í íslenskukennslu og samdi við Fjölmenningu um að gefa út námsefni fyrir starfsfólk í fiskvinnslu. Mikilvægt er að staldra við og sjá hvernig þetta verkfni kemur út og menta árangur.

Fram kom í máli Kristínar að stjórn LandsMenntar lítur á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar sem sína helstu bandamenn.

Skúli fjallaði um kostnað vegna námskeiða og að LandsMennt hefði markað þá stefnu að greiði einungis 20.000 kr. pr. einstakling á íslenskunámskeiðum.

Kristín sagði að þessi ákvörðun væri ekki stefnumarkandi og ekki endnæg ákvörðun í þessu máli. Hún sagði að það væri skoðun stjórnar LandsMenntar að hið opinbera kæmi meira að námskeiðahaldi fyrir innflytjendur.

Skúli taldi mikilvægt að þau námskeið sem komin væri af stað yrðu kláruð og að veittur yrði styrkur sem væri hætti en umræddar 20.000 kr. Kristín taldi möguleiki að brúa bilið með einstaklingsstyrkjum og að fyrirtækin brúðu bilið.

Iðunn minnti á að stjórn Kvasis hefur áhuga á að ganga á fund stjórnar LandsMenntar og kynna samtökin og MARKVISS verkefnið.

Smári spurði hvernig best væri fyrir miðstöðvarnar að kanna hvort námskeið væru styrkhæf. Einnig spurði hann hvernig einstaklingur ætti að snúa sér í að kanna hvort hann ætti rétt á styrk. Kristín svaraði því með ýmsum dæmum og að einstaklingar ættu að snúa sér til síns verkalýðsfélags eða LandsMenntar.

Inga fjallaði um verðlagningu á námskeiðunum og nefndi dæmi um mjög hátt verð fyrir námskeið. Hún vildi meina að sérhannað námskeið sem kostaði 16.000 kr. á kennslustund væri ekki dýrt námskeið.

Katrín sagði að það væri grundvallaratriðið að fyrirtæki kæmu að námskeiðahaldi með framlagi. Hún sagði að starfsmaður Einingar-Iðju mætti á námskeið hjálpaði við að fylla út umsókn um styrki.

Anna Kristín sagði frá aðstæðum þar sem þörf er á blönduðum námskeiðum þar sem erlendir karlar eru í vinnu og konurnar heima.

Fundarmenn eru sammála um að sjóðirnir LandsMennt og Starfsafl haldi starfstengdri íslenskukennslu áfram af fullum krafti en jafnframt verð áfram leitað eftir samstöðu við menntamálaráðuneyti um alhliða íslenskukennslu og víðtækt samstarf um það mál.

5. Mál: Samningur við Fjölís vegna verka sem njóta höfundarréttar

Skúli kynnti málið. Fyrir liggja drög að samkomulagi um að Kvasir greiði lágmarks þóknun til Fjölís vegna fjölföldunar efnis til notkunar á kennslusefni.

Það er skoðun flestra fundarmanna að mjög lítið sé ljósritað úr bókum og gögnum sem lúta höfundarrétti. Yfirleitt er keypt tilbúið efni til notkunar á námskeiðum eða kennarar leggja það til sem verktakar að kennslu og útvegum kennsluefnis. Því væri samningur við Fjölís nánast óþarfur. Samþykkt var að fallast á að greiða lágmarksþóknun til Fjölís til að

tryggja það að löglega sé að málum staðið og þeir aðilar sem nýta sér eitthvað að ljóstrita gögn. Stjórn falið að ganga frá málinu.

6. Mál Nefndarstörf sem Kvasir á aðild að

1. Nefnd um skipulag **háskólanáms** sem í sitja Jón Hjartarson og Jóhanna Kristjánsdóttir. Nefndin er undir stjórn Arnórs Guðmundssonar í mrn. Nefndin átti að skila af sér tillögum í júní s.l. en nefndarstörf hafa tafist af ýmsum orsökum.
2. Inga. **Verkefnisstjórn um símenntun**. Hún er í þessari verkefnisstjórn skipuð af SÍS, en aðrir í nefndinni eru skipaðir af háskólum, verkalýðshreyfingunni, námskeiðshöldurum, vinnumálastofun, kennarasamtökum og vinnuveitendum. Eitt að meginhlutverkum verkefnisstjórnarinnar er að koma á Viku símenntunar ár hvert. Verkefnisstjórnin hefur nýverið gefið út skýrslu um lykilboðskap og stöðu fullorðinsfræðslu á Íslandi: *Memorandum on Lifelong Learning*.
3. Fjallað var um þema Viku símenntunar fyrir næsta ár. Tillaga Kvasis er að fjallað verði um símenntun í fyrirtækjum í viku símenntunar 2002. Aðilar Kvasis eru sammála um að fyrsta vika í september sé óhentugur tími og það er álit Kvasis að hentugur tími fyrir vika símenntunar næsta ár sé 9. – 15. sept.
4. Skúli sagði frá þátttöku Kvasis í **Evrópusamtökum um fullorðinsfræðslu**. Á aðalfundi samtakanna sem haldinn verður í Hamborg um næstu helgi á að fjalla um skýrsluna, sérstaklega m.t.t. framtíðarsýnar í fullorðinsfræðslu. Skúli mun sækja þessa ráðstefnu fyrir hönd Kvasis.
5. Anna Kristín sagði frá árlegum fulltrúaráðsfundum sem hún sækir í **Nordens Folkliga Akademi**. Hún telur mikilvægt að Íslendingar verði sýnilegri í starfi skólans. Einnig benti Anna Kristín og Skúli á að það séu góðir styrkir í boði til að sækja námskeið á vegum NFA.
6. Anna Kristín sagði frá nefndarstörfum í nefnd sem vinnur að **mati á óhefðbundnu námi** (vottunarkerfi). Nefndin hefur haldið þrjá fundi en hefur ekki hist að undanfögnu. Fundarmenn hvetja til að nefndin hraði störfum og að málið verði tekið upp við Karl Kristjánsson tengilið símenntunarmiðstöðvanna í menntamálaráðuneytinu.

7. Mál. Innritunarmál í HÍ. Emil fjallaði um innritunarmál í HÍ. Ýmsir hnökrar voru á innritun við HÍ s.l. haust og það er vilji í HÍ og aðilum Kvasis að bæta úr því.

8. Mál. Fjarkennslu og kennslufræði fjarkennslunnar. Emil reifaði hugmyndir um **ráðstefnu** þar sem fjallað verði um aðferðir í fjarkennslu og kennslufræði fjarkennslunnar. Stefnt verði að ráðstefnuhaldi á vorönn 2002. Ráðstefnan verði haldin í nafni Kvasis og með stuðningi menntamálaráðuneytis. Lagt til að Skúli, Emil og Anna

Kristín undirbúi ráðstefnuhaldið og kanni möguleika á að tengja hana UT 2002 ráðstefnunni.

9. Mál. Samskipti við menntamálaráðuneytið

Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneytinu mætir til fundar.

Skúli rakti fundarstörf fram að þessu fyrir Karli. M.a. sagði hann frá fundi Kvasis með fulltrúum Landsímans hf. og Þórarni Sólmundarsyni frá Byggðastofun. Hann minnti á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar væru mjög mikilvægur hlekkur í byggðaþróun. Einnig nefndi hann að Kristín frá Landsmennt hefiði setið fund með fulltrúum Kvasis og að hún telji miðstöðvarnar mjög mikilvægar fyrir fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu.

Karl tók til máls og fjallaði um drög að samningi um þjónustu Landsímans og mikilvægt væri að koma þessum málum í gott horf.

Fjármál, Karl sagði frá kröfum um niðurskurð á ríkisfjármálum og að því miður hefði þurft að skera niður á lið til fjarkennslu og fullorðinsfræðslu. Skýrsla um þátttöku í fjarkennslu á háskólastigi bendir til um 50% aukningar á fjarnámi á háskólastigi. “Pottur” var 30 milljónir á yfirstandandi ári en lagt er til í fjárlagatillögum að hann verði 20 milljónir á næsta ári (2002). Karl gerði grein fyrir styrkjum úr pottinum en m.a. var ákveðið að styrkja nám í náms- og starfsráðgjöf, nám til kennsluréttinda, sérstaka uppbyggingu náms á háskólastigi á Austurlandi og Vestfjörðum, kaup á fjarfundabúnaði og starfsemi Kvasis. Þá væri enn eftir í pottinum 4 milljónir króna sem verja á til að styrkja fræðslumiðstöðvarnar vegna kostnaðar við rekstur fjarfundabúnaðar.

Karl ræddi um starf nefndar um **skipulag háskólanáms** og að hún muni væntlega ljúka fljótlega störfum.

Nýtt **bókasafnskerfi** verður sett upp í bókasöfnum á vori komandi og mun það væntanlega bæta hag nemenda í fjarnámi.

Karl sagði frá breytingum sem hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu. Aðalsteinn Eiríksson er verkefnisstjóri um gerð skólasamning og Karl hefur tekið við deildarstjórn Aðalsteins sem deildarstjóri framhaldsskóladeildar.

Karl sagði frá þingsályktunartillaga Svanfríðar Jónasdóttir um að kannað verði stig **ólæsis á Íslandi**. Skipaður verður sjö manna starfshópur til að fjalla um þetta mál. Formaður verður skipaður af menntamálaráðuneyti.

Emil ræddi **samninga fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna um fjárframlög frá hinu opinbera**. Hann taldi mikilvægt að koma á langtímasamningum um hlutverk miðstöðvanna í menntakerfi þjóðarinnar og að fjárframlög til þeirra yrðu tryggð með samningum til lengri tíma.

Karl sagði frá því að slíkir samningar tíðkust varðandi rekstur framhaldsskóla. Þá undirstrikaði hann að fræðslu- og **símenntunarmiðstöðvarnar nytu mikils velvilja í menntamálaráðuneyti.**

Fundarhlé – hádegisverður.

Eftir hádegi mætti til fundar Skúli Skúlason skólameistari Hólaskóla og kynnti hann starfsemi skólans. Hann afhenti möppu með gögnum um skólann. Skúli undirstrikaði að gríðarleg breyting hefur orðið á “gömlu” bændaskólunum. Þeir eru komnir meira á svið rannsókna og háskólanáms og stofnuð hefur verið háskóladeild á Hvanneyri, búvísindadeild.

Bændaskólarnir eiga sterkar rætur í menningarlífi þjóðarinnar, sagan og gildin greina nokkuð búnaðarskólana frá öðrum skólastofnunum.

Sérstaða Hólaskóla er ferðamálabraut, hestamennska og fiskeldi. Einnig er að myndast í skólanum vaxtarsproti sem er byggðafræði. Lán skólans og styrkur er m.a. mjög vel menntað starfsfólk og góð aðstaða fyrir starfsfólk á staðnum. Fagmennska í kennslu er að aukast og mat nemenda virðist vera að þau séu að fá góða kennslu. Ánægður nemandi er besta auglýsing skólans. Námsbrautir skólans eru gjarnan skilgreindar sem diplománám og námið í sumum tilfellum rekið í samstarfi við háskóla. Hann taldi að fræðslumiðstöðvarnar ættu sinn þátt í að koma á slíku samstarfi.

Skólinn mun í auknu mæli efla endurmenntun og fjarnám og væntir Skúli góðs samstarfs við fræðslumiðstöðvarnar um það mál í framtíðinni.

10. Mál: Samþykktir Kvasis – tillögur að endurskoðun

Baldur reifaði málið og lagði til að í ljósi reynslunnar þar sem hlutvek Kvasis hefur orðið mun sterkara en fyrir var séð og lagði hann fram breytingatillögur. Hann taldi að verið væri að færa tillögurnar til þess raunveruleika sem stjórn starfar eftir. Tillögum Baldurs var vísað til stjórnar og afgreiðslu á aðalfundi í samræmi við samþykktir Kvasis.

11. Mál. Ósk Framvegis-símenntunarmiðstöðvar um aðild að Kvasi-samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni

Skúli las bréf frá FRAMVEGIS – símenntunarmiðstöð við Fjölbrautaskólann við Ármúla. En sú miðstöð leitar eftir formlegri aðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Fundarmenn sammála um að það væri andstætt stofnsamþykktum Kvasis og formanni falið að svara bréfinu.

Karl Kristjánsson sagði að FRAMVEGIS hefði sótt um styrk til mfn. og styrkumsókn hafnað, enda er þessi miðstöð á öðrum grunni en fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni sem m.a. miðla umfangsmiklu námi á háskólastigi.

Samstarf við Fjölmenningu um námsefnisgerð í íslensku fyrir innflytjendur. Skúli reifaði það mál og gat þess jafnframt að hann hefði haft samband við menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og reynt að koma á samstarfið aðila um ákveðna stefnu í þessu máli. Nýbúafræðsla virðist vera í þeim “grautarhnút” sem verið hefur.

Karl gerði grein fyrir stefnu ráðuneytisins varðandi styrki til námskeiðahalds og námsefnisgerðar.

Málið rætt fram og til baka m.a kom fram að Miðstöð nýbúa á Vestfjörðum er að vinna að námsefnisgerð fyrir íslenskukennslu.

Borin var fram dagskrártillaga um að fresta umræðum og afgreiðslu málsins til næsta félagsfundar Kvasis og hún samþykkt samhljóða.

11. Mál: Umræða um námstilboð fyrir stjórnendur starfsmenntunar. MFA sótti um styrk til starfsmenntasjóðs til að búa til námskeið fyrir stjórnendur starfsmenntunar. Meðumsækjendur voru Kvasir og félag fræðslustjóra. Styrkur fékkst og ekkert er því til fyrirstöðu að hefja námsefnisgerð.

Skilgreina þarf markmið og innihald námsins. Skúli óskaði eftir að menn svörðu spurningalista frá MFA og hjálpu þannig til við að hanna námskeiðið.

12. Mál: Ráðstefna og sýning um tungumálanám og kennslu. Rannsóknarþjónusta og Tungumálamiðstöð HÍ í samvinnu við Kvasi, Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og MFA standa fyrir ráðstefnu um tungumálanám og kennslu. Ráðstefnan verður 9. og 10. nóv. n.k.

13. Mál: Opinn háskóli. Háskóli Íslands var stofnaður á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar þann 17. júní 1911. Eitt af markmiðum afmælishátíðahaldanna er að efla tengsl Háskólans við landsbyggðina. Í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, grunnskóla og Ríkisútvarpið voru haldin á fjórtán stöðum tungumálanámskeið fyrir börn yngri en þau sem þegar læra tungumál í skólum. Um 300 börn sóttu námskeiðin.

14. Mál: Háskóli Íslands fjarnám. Samkomulag er við HÍ um að bjóða fjarnám á sem felstum stöðum á ladnsbyggðinni í samvinnu við fræðslumiðstöðvarnar. Samvinna HÍ og Kvasis f.h. þeirra miðstöðva sem geta boðið apstöðu til fjarnáms var kynnt á blaðamannafundi sem hadinn var í vor. Stundaskrá fjarnámsins er á heimasíðu kennslumiðstöðvar. Önnur fjarnámskeið fara væntanlega fram um WebCt og því ekki þörf að birta stundaskrá yfir þau.

15. Mál: Tilboð MFA

Emil kynnti **tilboð frá MFA** um þjálfun leiðbeinenda á sjálfstyrkingarnámskeiðum og kaup á kennslugögnum. Miðstöðvarnar svari fyrirleggjandi tilboði MFA hver fyrir sig.

16. Mál: Samstarf við byggðastofnun.

Kl. 16:15 mættu til fundar **Kristinn Gunnarsson, Þórarinn Sólmundarson og Theodor Bjarnason frá Byggðastofnun.**

Skúli bauð þá velkomna og sagði stuttlega frá Kvasi og helstu stefnumálum. M.a. fjallaði hann um tillögur Kvasis í byggðamálum til byggðaáætlunar 2002 – 2006. Þá sagði hann frá áherslum Kvasis um að komið verði á IP samskiptaneti m.a. með aðkomu og forystu Byggðastofnunar. Nokkuð rætt um fjarskiptamál, kostnaðarskiptingu og samstarf við Byggðastofnun sem fulltrúar hennar litu jákvæðum augum.

Karl Kristjánsson minnti á að það væri afstaða mrn. að fræðslu- og símenntunamiðstöðvarnar væru umboðsaðilar háskólanáms á landsbyggðinni.

Ákveðið var að koma á fundi stjórnar Kvasis með fulltrúum Byggðastofnunar til nánari úrfærslu á samstarfi. .

Fleira ekki rætt og fundi slitið (2. nóv.) kl. 16:45.

Fundarritari: Emil Björnsson